

Starfsár 2020-2021

Haust 2020 bauð hestamannafélagið Skagfirðingur uppá byrjendanámskeið 21-24 september. 5.-7. október og 12.-14. október buðum við uppá ásetu og jafnvægisnámskeið sem voru svakalega vel sótt.

Helgarnámskeið fór af stað 7.nóvember og vikunámskeið fór af stað 3.nóvember. Einhverjir tímar féllu niður vegna covid en við náðum líka að skipta hópunum þannig að við gátum kennt innan fjöldamarka.

Fyrsti tími í keppnisþjálfun var 26.janúar og var út veturinn.

19. janúar byrjaði vikunámskeið aftur og helgarnámskeið hófst 16. janúar.

Síðasti tími á helgarnámskeið var 24. apríl og síðasti tími á vikunámskeiði var 29. apríl.

Vegna covid var ekki hægt að halda Æskan og hesturinn sem við hjá Skagfirðingi ætluðum að halda en mætum tvíefld til Léttismanna vorið 2022!

Við náðum sem betur fer aðeins að tralla með krökkunum okkar í lok vetrar, krakkarnir mættu í búningum á hestinum sínum í þrautabraut og svo grilluðum við pylsur handa þeim í félagsheimilinu okkar.

Námskeið starfsársins 2020-2021 voru vel sótt og greinilegar framfarir í öllum hópum.

Við réðumst í miklar fjáraflanir vorönn 2021 þar sem leitað var til fyrirtækja í firðinum, en við réðumst í kjölfarið í peysukaup á allan krakkahópinn okkar. Það var svakalega skemmtilegt verkefni og gaman að sjá allan flotann okkar eins. FISK seafood styrkti okkur gegn því að krakkarnir færu og tækju til í hverfinu, sem var gert með bros á vör og þátttaka var góð.

Við erum ofboðslega stolt af þrautseigjunni í krökkunum þetta skrítna covid ár, foreldrar duglegir að halda krökkunum við efnið og við að pikka í þau að æfa sig sjálf þegar ekki var hægt að hafa tíma. Við erum mjög heppin með kennara, þau eiga heiður skilið. Lengi má gott bæta og næsta vetur eru breytingar fyrirhugaðar á vikustarfinu okkar þar sem öll önnin verður kennd sem eitt námskeið. Við förum spennt inn í nýtt starfsár.